

Fundur 7. desember 2010

Mættir: Rakel Pétursdóttir, Hafsteinn Dan, Jónas, Þrándur og Ingólfur.

1. Afrekssjóður ungra- og efnilegra

Rætt var um þær reglur sem gilda um aldursbil. Mælt er til þess að sækja um fyrir aldursbilið 15-18 ára. Í fyrra var hins vegar sótt um undanþágu fyrir aldursbilið 13-16 ára. Það kom ekki nægilega vel út þar sem þrátt fyrir að undanþága hefði fengist virtist sjóðurinn horfa engu að síður í aldurinn. Samþykkt var að sækja um fyrir aldursbilið 14-17 ára. Samþykkt var að sækja um fyrir Rafn Kumar, Kjartan, Vladimir, Hinrik og Heru ef hún væri innan aldursbilsins.

Þá var samþykkt að sækja um fyrir landsliðsverkefni, Davis Cup og Fed Cup (ef farið verður í ferðina) og Birkir og Söndru Dís.

Helga var falið að sækja um.

2. Þróunarmót

Þróunarmót verður haldið í Tyrklandi 15.-28. Mars. Ákveðið var að senda Vladimir og Hjördísi á mótið. Gert er ráð fyrir að leikmenn greiði 30-40.000 kr. sjálfir. Kostnaður við ferðina sé um 350.000 kr. Rætt var hvað væri hægt að greiða fyrir fararstjóra. Bent var á að setja þyrfti eina meginlínu fyrir farastjóra fyrir ferðir.

3. Meistaramótið

Rætt var um meistaramótið og við hvað ætti að miða við þegar leikmenn væru valdir inn í mótið.